

rjúfa so. sb.-2 – bjóða
[rauf, rufum, rofið]

– hann rauf þögnina eftir langan tíma

‡

bann-a so. vb.-a – kalla
[-aði]

– reykingar bannaðar!

‡

klipp-a so. vb.-i – heyra
[-ti]

– varstu að láta klippa þig?

‡

þrífa so. sb.-1 – grípa
[þreif, þrifum, þrifið]

– hann þreif alla íbúðina

‡

jarðar-för kvk. – mynd Ö
[-fara, -fari]

– ég þarf að fara í jarðarför vinar míns

‡ • jörð, fara

búr hk. – hús
[-s, -]

– fuglinn slapp úr búrinu

‡

högg hk. – hús
[-s, -]

– hún fékk högg á hnakkann við áreksturinn

‡ högg

kof-i kk. – tími
[-a, -ar]

– börnin byggja kofa í garðinum

‡

brunn-ur kk. – hestur
[-s, -ar]

– brunnurinn er orðinn vatnslaus

‡ brunnr

frí hk. – hús J
[-s, -]

– ég á frí alla vikuna

‡

sokk-ur kk. – hestur
[-s, -ar]

– það er gat á sokknum

‡ sokkr

lengd kvk. – mynd
[-ar, -ir]

– þakinn er 30 sm á lengd og 10 á breidd

‡ • lengi, langt, langur

forvitin-n lo. – gular B S
[-, forvitið, forvitnari, forvitnastur]

– ég er forvitinn að heyra hvernig honum gekk

‡ • vitlaus

skilin-n lo. – gular B S
[-, skilið]

– pabbi hans og mamma eru skilin

• skilja, skilnaður, skil

ástfangin-n lo. – gular B S
[-, ástfangið]

– þau eru mjög ástfangin

‡ ástfenginn • ást; fang, fangelsi, heimilisfang

skegg hk. – hús J
[-s, -]

– er hann kominn með skegg?

‡